

# COMPANY PROFILE

Samskip eru alþjóðlegt félag sem býður flutninga og tengda þjónustu á sjó, landi og í lofti. Frá stofnun félagsins árið 1990 hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt, bæði með kaupum á öðrum félögum og vegna innri vaxtar. Samskip eru orðin eitt stærsta gámaflutningafyrirtæki Evrópu og býður félagið upp á heildarþjónustu á Íslandi og í Færeyjum, fjölpátta flutningsþjónustu um alla Evrópu og frysti- og framhaldsflutninga um allan heim. Félagið starfrækir skrifstofur í yfir 20 löndum í þremur heimsálfum og eru starfsmenn um 1.400 talsins.

## Ísland og Færeyjar

Þrjú skip sigla vikulega til og frá Íslandi; Arnarfell, Helgafell og Hvassafell. Viðkomustaðir eru Færeyjar, Bretland, meginland Evrópu og Skandinavía. Auk þess sér stórflutningadeild Samskipa um flutning vegna sérverkefna og annast umboðsþjónustu fyrir allar tegundir skipa.

Samskip hafa byggt upp einstakt landflutningakerfi undir merkjum Landflutninga-Samskipa þar sem flestar sendingar ná á áfangastað innan sólarhrings. Höfuðstöðvarnar eru í Reykjavík og skrifstofur eru starfræktar í öllum landshlutum. Samskip annast rekstur ferjunnar Sæfara sem siglir milli Dalvíkur, Grímseyjar og Hríseyjar.

Vörumiðstöð Samskipa er staðsett í nýjum höfuðstöðvum félagsins við Kjalarvog í Reykjavík. Hún er búin öflugum gæða- og upplýsingakerfum

sem auðvelda viðskiptavinum að fylgjast með birgðum sínum á hverjum tíma.

Jónar Transport, dótturfyrirtæki Samskipa sem einnig er staðsett í Samskipahúsinu við Kjalarvog, bjóða upp á flutninga til og frá Íslandi, bæði á sjó og í lofti, og aðstoða við skjalagerð. Forstjóri yfir starfseminni á Íslandi og í Færeyjum er Ásbjörn Gíslason.

## Fjölpátta gámaflutningsþjónusta

Fjölpátta flutningsnet Samskipa er orðið það stærsta sinnar tegundar í Evrópu og viðamikil þjónusta í boði um alla álfuna. Tími, kostnaður og áfangastaður skipta höfuðmáli þegar kemur að vali á flutningsmáta. Fjölpátta gámaflutningsþjónusta Samskipa felur í sér margvíslega flutningsmáta á sjó og landi, jafnt með skipum, lestum og bílum, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Gámafloti Samskipa inniheldur gáma af ýmsum stærðum og gerðum, bæði hefðbundna gáma sem og nýjustu tegundir, t.d. gáma sem er hægt að hlaða og afferma frá hlið.

Framkvæmdastjóri yfir gámaflutningsþjónustu Samskipa í Evrópu er Jens Holger Nielsen.

## Frystiflutningar

Samskip hafa fest sig verulega í sessi á frystiflutningamarkaðinum. Félagið býður heildarþjónustu á þessu sviði, þ.e. sjóflutninga, flugflutninga, landflutninga, lestun og losun og geymslu afurða í frystivörumiðstöðvum sem og skjalagerð. Til að geta veitt viðskiptavinum sem besta þjónustu starfrækja Samskip skrifstofur á stærstu markaðssvæðunum fyrir


sjávarrafurðir, kjötafurðir, grænmeti og ávexti, bæði á meginlandi Evrópu, í Bretlandi, Skandinavíu, Asíu og Norður- og Suður-Ameríku.

Frystivörumiðstöðvar Samskipa eru staðsettar í Rotterdam og IJmuiden í Hollandi, Bayside í Kanada, Álasundi í Noregi, Kollafirði í Færeyjum og í Reykjavík. Heildargeymslurýmið er 90 þúsund tonn. Önnur tengd þjónusta, s.s. löndunarþjónusta, er einnig í boði.

45 feta Coolboxx frystigámar eru nýjung sem Samskip bjóða upp á í frysti- og kæliflutningum. Þeir eru fyllilega samkeppnishæfir í flutningsgetu við frystiflutningabíla en flutningskostnaður er lægri.

Á vegum Samskipa og Silver Sea eru frystiskip í siglingum, flest í flutningum frá Íslandi, Færeyjum, Noregi og Hjaltlandseyjum til meginlands Evrópu, Bretlands, Skandinavíu, Eystrasaltsríkjanna og Rússlands.

Framkvæmdastjóri yfir frystiflutningasviði Samskipa er Peder Winther.



# Samskip í tölum

Samskip eru orðin eitt stærsta gámaflutningafyrirtæki Evrópu og býður félagið upp á heildarþjónustu á Íslandi og í Færeyjum, fjölbátta flutningsþjónustu um alla Evrópu og frysti- og framhaldsflutninga um allan heim.

Hjá Samskipum starfa yfir 1.400 manns og rekur félagið 46 skrifstofur í 24 mismunandi löndum Evrópu, Asíu, Norður og Suður Ameríku.

Dótturfélög Samskipa eru Jónar Transport, Icepak og Van Dieren Maritime en einnig eiga Samskip hluta af frystigeymslum Kloosterboer og helmingshlut í frystiflutningafyrirtækinu SilverSea í Noregi.

Samskip hafa á að skipa myndarlegum og fjölbreyttum flota, þar á meðal:

- 18 gámaflutningaskip
- 12 kæliflutninga- og stórflutningaskip

Samskip eiga yfir 19.000 gáma af ýmsum gerðum:

- yfir 9000 45 feta gáma
- yfir 3000 40 feta gáma
- yfir 1700 20 feta gáma
- yfir 1000 kæliflutninga gáma
- yfir 800 opnir gámar
- yfir 1900 gámafleti
- og 165 trailera

Samskip eiga og reka 6 stórar fyrstigeymslur, staðsettar á völdum stöðum í Evrópu og Ameríku:

- Rotterdam, Hollandi
- IJmuiden, Hollandi
- Kollafjörður, Færeyjum
- Reykjavík, Íslandi
- Bayside, Kanada
- Alesund, Noregi

